

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

### 4. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2018, föstudaginn 14. sept. kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Guðbjörg Bergmundsdóttir, Steinn Ingi Kjartansson, Samúel Kristjánsson, Karl Guðmundur Kjartansson og Elsa Borgarsdóttir.

Pétur G. Markan, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Steinn Ingi Kjartansson bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmati fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

#### Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerð fræðslu, tómstundar, menningarnefndar frá 24. ágúst.
3. Fundargerð skipul, bygg, umhverf, og samgöngunefndar frá 24. ágúst.
4. Fundargerð félagsmálanefndar frá 15. ágúst 2018.
5. Valkostaákvörðun varðandi Kalkþörungaverksmiðju innan Langeyrar.
6. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða og aðgerðaáætlun.
7. Stöðukynning á nýrri heimasíðu Súðavíkurhrepps.
8. Kynning frá Capasent á opnu bókahaldi/ gagnatorgi fyrir Súðavíkurhrepp.
9. Kynning á verkefni frá Kómedíuleikhúsinu.
10. Fræðslu og umræðufundur um menntun fyrir alla og menntastefnu 2030.
11. Umræða um stöðu matvöruverslunnar í þorpinu.
12. Styrkerindi frá Vestra / meistaraflokkki karla.
13. Fulltrúar Súðavíkurhrepps í sameiginlegri barnavernd.
14. Fundargerð sambands ísl. Sveitarfélaga nr. 862.
15. Fundargerð hafnarsambandsins nr. 405
16. Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 31. ágúst
17. Fundargerð NAVE frá 24. ágúst.
18. Boð á haustþing FV 5. – 6. okt.

1. Skýrsla sveitarstjóra lögð fram. Skýrslan er aðgengileg á [www.sudavik.is](http://www.sudavik.is)
2. Fundargerðin lögð fram og staðfest samhljóða.
3. Fundagerðin lögð fram og staðfest. Sérstök umræða um sauðfjárgirðingar umhverfis þorpið.

Rætt um möguleika þess að girða frá þorpsmörkum, Þórðasteinum, að Dvergasteinshliði, meðfram veginum í jaðar veghelgunnar Vegagerðarinnar.

Samhliða þessari girðingarlagningu yrði lagður göngustígur að Dvergasteinshliði. Að auki er nauðsynlegt að leggjast í stóratök í lagfæringu annarra girðinga, svo þorpið verði fjárhelt að öllu leiti næsta vor. Þá er nauðsynlegt að skipta út fiskikörum sem raðast úti fjórðinn neðan Dvergasteins, fyrir steinhleðslu sem heldur sauðfé innan girðingar.

Samþykkt samhljóða að hefja þessa vinnu. Sveitarstjóra falið kostnaðargreina framkvæmdina og fá fagaðila til að hanna göngustíg að Dvergasteinshliði samkvæmt ofangreindu. Framvinda málsins skal kynnt á næsta fundi sveitarstjórnar.

Verkefninu á að ljúka fyrir mánaðarmót apríl – maí 2019.

Sveitarstjóra falið að ræða við Vegagerðina og landeigendur varðandi þeirra kostnaðarluta í verkefninu.

4. Fundargerðin lögð fram og staðfest samhljóða. Trúnaðarmál fært í trúnaðarbók.
5. Valkostarákvörðun vegna kalkþörungaverksmiðju til afgreiðslu.

Valkostarákvörðunin var fyrst til umræðu á fyrsta fundi kjörtímabilsins. Þar voru kynntir 3 valkostir innan Langeyrar sem Vegagerðin greindi og kostnaðarmat. Á fundinum var einnig lagt fram minnisblað frá Gunnari Páli Eydal þar sem lagt var til að fjórði valkosturinn, innar en hinir valkostirnir þrír yrði metin. Samþykkt var að fá Vegagerðina til að meta fjórða valkostinn.

Fjórði valkosturinn var kynntur á þriðja fundi sveitarstjórnar í ágúst. Jafnframt kynnti byggingarfulltrúi samantekt kosta og galla valkostanna. Á fundinum var ákveðið að fara í vettvangsferð til Bíldudals, til að skoða verkmiðjuaðstæður og starfsemi íslenska kalkþörungafélagsins. Ferðin var farin 7. sept. og tókst vel.

Fyrir fundinum liggur valkostargreining og kostnaðarmat Vegagerðarinnar. Samantekt byggingarfulltrúa á fjórum valkostum. Samantekt oddvita á fjórum valkostum.

Samkvæmt þessum samantektum er þriðji valkostur, upp við Langeyri, hagkvæmastur tímalega og kostnaðarlega. Verktími er áætlaður 1 -2 ár og heildarkostnaður framkvæmdar er áætlaður 464 millj – þar af er hlutur sveitarfélagsins 233 millj. – 50,2% af heildarkostnaði. Upphæðir eru með vsk.

Valkostur 1 er óhagkvæmasti kosturinn, heildarkostnaður er 614 millj – þar af er hlutur sveitarfélagsins 370 millj. – 60,2% af heildarkostnaði.

Valkostur 4 er næst óhagkvæmastur, heildarkostnaður 538 millj. þar af er hlutur sveitarfélagsins 303 millj. – 56,2% af heildarkostnaði. Þá fylgir mestan óvissan með tíma og kostnað með valkost 4, þar sem staðsetningin er ekki í landi sveitarfélagsins.

Valkostur 2 er síðan með heildarkostnað 518 millj. – hlutur sveitarfélagsins 283 millj – 54,6% af heildarkostnaði.

Allir valkostir eru innan marka hljóð og rykmengunar eins kynnt var á íbúafundi þar sem frummatsskýrsla var kynnt.

Sveitarstjórn hefur unnið markvisst samkvæmt viljayfirlýsingu við Íslenska kalkþörungafélagið að vinnslu kalkþörungna í Álftafirði. Fjöldi opinna funda hefur verið haldin og skýrslur hafa verið unnar fyrir sveitarstjórn. Valkostarákvörðun vegna kalkþörungaverksmiðju byggir á þessari vinnu – allur ferillinn hefur verið unnin vandlega og gögn fundarins vegna staðsetningarinnar eru ítarleg.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela valkost 3, sem mögulega staðsetningu kalkþörungaverksmiðju innan Langeyrar, samkvæmt minnisblaði Vegagerðarinnar, í aðalskipulagsvinnu og deiliskipsvinnu. Þetta svæði skal ná frá Þórðarsteinum, að Helluvík, krika Langeyrar.

Gögn Vegagerðarinnar verða sett inn á vefinn til kynningar.

Sveitarstjórn hvetur íbúa til að fylgjast vel með skipulagsferlinu framundan.

6. Sveitarstjóri fer yfir kynningu vegna verkefnisins. Sveitarstjórn staðfestir áfangaáætlun Vestfjarða og aðgerðaáætlun. Sveitarstjórn minnir á að Vatnsfjörðurinn og botn Álftafjarðar, Seljaland eru mjög brýn áningarstaðaverkefni og ættu að vera inni í áhersluverkefnum norðursvæðisins. Samþykkt samhljóða.
7. Stöðukynning á verkefninu.
8. Sveitarstjóri kynnir gagnatorg frá Capasent, sem væri upplýsingaveita á heimasíðu sveitarfélagsins. Ópið bókhald sveitarfélagsins væri hluti af gagnatorginu.

Einnig er hægt að kalla fram allar tölfraeðiupplýsingar um sveitarfélagið og bera þær saman gegnum árin, svo sem lýðfræðiþróun hverskonar, þróun umferðar í gegnum þorpið og svo mætti lengi telja.

Stefnt að því að setja upp gagntorg Súðavíkurbrepps í upphafi nýs árs.

9. Sveitarstjóri kynnir. Vísað til fræðslu, tómsundar, menningar og kynningarnefndar.
10. Bókað að formaður fræðslu, tómsundar, menningar og kynningarnefndar, Elsa Borgarsdóttir, sækir fundina, ásamt skólastjóra.
11. Sveitarstjóra falið að auglýsa verslunarrýmið í Grundarstræti undir mögulegan matvöruverkstur, með þeim samningum sem hafa fylgt rekstrinum undanfarin ár.
12. Vísað til fræðslu, tómsundar, menningar og kynningarnefndar.
13. Hér yfirgefur Steinn Ingi fundinn.  
Rósa Ólafsdóttir er skipuð aðalkona í sameiginlegri barnaverndarnefnd, í stað Kristínar Lilju Kjartansdóttur. Barði Ingibjartsson verður áfram varamaður í sömu nefnd.
14. Hér kemur Steinn Ingi aftur inn á fundinn.  
Lagt fram.
15. Lagt fram.
16. Lagt fram.
17. Lagt fram. Oddviti sækir fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.
18. Lagt fram.
19. Önnur mál.
  - a) Karl Guðmundur spyr um skurð fyrir ofan tjaldsvæði, varðandi endurtekið yfirflæði. Sveitarstjóri kynnir að málið sé í vinnslu.

- b) Karl Guðmundur spyr um mokstur á milli nýja þorps og gamla þorps, þegar lokar á milli vegna snjóflóða. Sveitarstjóri kynnir að sveitarfélagið hafi byrjað á því síðasta vetur að moka á milli, komist Vegagerðin ekki í mokstur vegna lokunar á Súðavíkurhlíð. Vegagerðin stendur undir þeim kostnaði.

**Fleira ekki gert.**

